



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Fjármála- og efnahagsráðuneyti
Lindargötu Arnarhvoli
101 Reykjavík

Reykjavík 21. nóvember 2023

2310043SA FHS
Málalykill: 00.64

Efni: Slit ógjaldfærra opinberra aðila - óskað umsagnar

I. Inngangur

Vísað er til tilkynningar fjármála- og efnahagsráðuneytisins í samráðsgátt stjórnvalda, sem birt var þann 12. október sl. (mál 196/2023), þar sem fram kemur að ráðgert sé að leggja fram frumvarp sem hefur að geyma almennar reglur um hvernig ljúka megi tilvist tiltekinna ógjaldfærra opinberra aðila með sambærilegum hætti og á við um gjaldprotaskipti. Hér að neðan er að finna umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um drög að frumvarpinu.

II. Umsögn

II.1. Samráð við gerð frumvarps

Fyrir liggur að í samráðsgátt var sett áformaskjal um slit og uppgjör ÍL-sjóðs sem var til samráðs 31. mars sl. til 12. maí. Í frumvarpinu kom fram að áformað væri að gera sérlög sem heimiluðu gjaldprotaskipti á ÍL-sjóði. Samband íslenskra sveitarfélaga gerði umsögn um frumvarpið, enda eru sveitarfélögin í gegnum Brú-lífeyrissjóð, hagsmunaaðilar þar sem lífeyrissjóðurinn er kröfuhafi gagnvar ÍL-sjóði. Ekki kom fram í áformaskjali sá möguleiki að gerð yrði almenn löggjöf þar sem bæði ríkisstofnanir og ákveðnar B-hluta stofnanir sveitarfélaga gætu verið undir almennri löggjöf um slitameðferð opinberra aðila.

Ekki var haft samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga vegna fyrirhugaðrar lagasetningar. Fyrir liggur að samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. 128. gr. sveitarstjórnarlaga ber að fara fram samráð m.a. um framlagningu lagafrumvarpa sem varða sveitarfélögin. Samband íslenskra sveitarfélaga telur að nauðsynlegt hefði verið að hafa samráð við sveitarfélögin um frumvarpið, enda liggur ekki fyrir hvort sveitarfélög hafi yfir höfuð áhuga á að slík heimild sé til staðar fyrir þau til þess að slíta B-hluta stofnunum sveitarfélaga. Með fyrirhugaðri lagasetningu reynir því á mörk sjálfstjórnarréttar sveitarfélaga.

Þá liggur fyrir að með frumvarpinu eru verkefni falin sveitarfélögunum og þá sérstaklega þeim stofnunum sem falla undir löggjöfina sem og sveitarstjórnnum. Gerðar eru kröfur til þess að viðkomandi stofnanir, sem teljast ógjaldfærar skv. lögnum leggi fram upplýsingar um fjárhagsstöðuna og tillögur til úrbóta vegna þeirrar stöðu. Ekki virðist hafa farið fram greining af hálfu ráðuneytisins á því hversu margar stofnanir fallið geta undir löggjöfina og þá hversu mikil umsýsla og vinna í þessu geti falist fyrir sveitarfélögin. Ekki er að finna neitt kostnaðarmat

vegna umræddrar lagasetningar hvað sveitarfélögin varðar eins og skylt er skv. 129. gr. sveitarstjórnarlaga.

Samband íslenskra sveitarfélaga lýsir yfir verulegri óánægju með þennan skort á samráði og telur mun viðameira samráð og umræðu þurfa að hafa um þann möguleika að B-hluta stofnanir sveitarfélag eigi undir löggjöfina. Í ljósi þess leggur sambandið til að sveitarfélög og stofnanir þeirra verði undanþegnar gildissviði frumvarpsins.

II.2. Gildissvið

Með vísan til framangreinds leggur Samband íslenskra sveitarfélaga því til að gildissviði frumvarpsins verði breytt á eftirtalda vegu:

1. gr.

Lög þessi taka til stofnana og fyrirtækja ríkisins eða sveitarfélags ef það ber að lögum eða eftir löggerningi einfalda ábyrgð á skuldbindingum stofnunarinnar eða fyrirtækisins, ekki er um að ræða félag með takmarkaðri ábyrgð, stofnunin eða fyrirtækið er lögum samkvæmt bært til að geta sjálfstætt átt réttindi og borið skyldur og því er ætlað að standa að mestu leyti sjálft undir kostnaði af starfsemi sinni með eigin tekjum. Í lögum þessum er slík stofnun eða fyrirtæki nefnt opinber aðili.

Ógjaldfær telst opinber aðili vera ef hann getur ekki staðið full skil á skuldbindingum sínum þegar þær falla í gjalddaga eða fyrirsjáanlegt er að svo fari og ekki verður talið sennilegt að greiðsluörðugleikar hans muni líða hjá innan skamms tíma.

Opinber aðili getur hvorki fengið heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings né verður bú hans tekið til gjaldþrotaskipta eftir almennum reglum, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

Samhliða ofangreindri breytingu þyrfti að fjarlægja allar tilvísanir til sveitarfélaga og stofnana þeirra í frumvarpinu.

Fari svo að löggjöf þessi verði sett þrátt fyrir andstöðu sveitarfélaga þarf að gera hana betur úr garði en raunin er. Sambandið telur afar mikilvægt að ákvæði 1. gr. laganna um gildissvið verði gert skýrara en það er í drögum að frumvarpi. Að minnsta kosti þarf í athugasemdum við lagafrumvarpið að gera nánari grein fyrir hvernig skuli túlka einstaka þætti í 1. gr. laganna.

Í 1. mgr. 1. gr. kemur fram að B-hluta stofnun sveitarfélags geti fallið undir lögin ef stofnun er ætla að standa „að mestu leyti“ sjálfri undir kostnaði af starfsemi sinni með eigin tekjum. Eina umfjöllun í athugasemdum með frumvarpi felst í því að „illfært yrði að slá því föstu samkvæmt 2. mgr. 1. gr. að stofnun eða fyrirtæki væri til framtíðar litið ógjaldfært ef það væri svo að einhverju næmi háð í starfsemi sinni beinum fjárframlögum úr ríkissjóði eða sveitarsjóði“. Hvorki skilgreining í 1. mgr. 1. gr. né skýring athugasemdum með 1. gr. varpa nokkru ljósi á það hvaða aðila um er að ræða sem fallið geta undir þessa skilgreiningu. Fjölmörg vafatilvik gætu komið til

skoðunar í framkvæmd um það hversu há fjárframlög úr sveitarsjóði eða ríkissjóði þyrftu að koma til árlega svo viðkomandi stofnun yrði talin falla undir löggin. Þá má velta fyrir sér hvort nauðsynlegt væri að það sé áskilið í stofnsamþykkt eða í sérlögum um viðkomandi stofnun að hún sé fjármögnuð eingöngu eða „að mestu leyti“ með eigin tekjum. Fjöldi B-hluta stofnana sveitarfélaga hafa þurft fjármagn frá sveitarsjóði til þess að rétta af halla í starfsemi sinni. Velta þarf fyrir sér hvort stofnun geti farið frá því að falla undir ákvæði laganna, en síðar, vegna þess að sveitarsjóður hafi þurft að veita stofnun fjármagn frá ári til árs, þá séu framlög til starfseminnar orðin það há að stofnunin getur ekki lengur talist standa „að mestu leyti sjálft“ undir kostnaði af starfsemi sinni.

Í 2. mgr. 1. gr. er að finna skilyrði hvað varðar ógjaldfærni þeirra aðila sem falla undir löggin. Velta má fyrir sér hvort ekki sé eðlilegt að sömu skilyrði gildi hvað varðar ógjaldfærni opinberra aðila og það skilyrði sem fram kemur í 1. mgr. 64. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991 til þess að tryggja að sambærileg skilgreining sé til staðar á hugtakinu milli mismunandi lagabálka.

Samband íslenskra sveitarfélaga telur sérstaka ástæðu til þess að vekja athygli á þeim muni sem gæti orðið á þeirri aðstöðu sem B-hluta stofnanir sveitarfélaga eru í eftir því í hvaða félagiformi þau eru rekin. Ekki er í drögum að frumvarpi til laganna fjallað um hvort byggðasamlög sveitarfélaga geti fallið undir ákvæði frumvarpsins. Í 95. gr. sveitarstjórnarlaga er að finna ákvæði um slit byggðasamlags. Mikilvægt er að fjallað sé um í frumvarpi til laganna um gildissvið gagnvart öðrum ákvæðum laga er varða slit slíkra stofnana. Ástæða þess að sérstök ákvæði eru um slit byggðasamlaga er vegna þess að þar þarf að leysa úr réttindum og skyldum mismunandi sveitarfélaga við slitin. Það á ekki við þegar B-hluta stofnun er eingöngu rekin af einu sveitarfélagi en ekki mörgum og ber sveitarfélagið einfalda ábyrgð á skuldbindingum stofnunar. Ýmsar skyldur yrðu því lagðar á litlar B-hluta stofnanir með takmarkaða starfsemi, s.s. um tilkynningarskyldu til sveitarstjórnar um ógjaldfærni, sem ekki myndi eiga við um stór byggðasamlög þar sem til staðar eru margfaldir hagsmunir miðað við stakar stofnanir sveitarfélaga. Takmörkuð rök virðast fyrir slíkum mun á sambærilegri starfsemi sveitarfélaga. Í öllu falli er nauðsynlegt að skilgreina gildissviðið mun ítarlegar en gert hefur verið í fyrirbyggjandi drögum að frumvarpi og fjalla ítarlega um þau vafaatriði sem fram geta komið í framkvæmd bæði hjá stofnunum ríkis og sveitarfélaga.

II.3. Áhrif á B-hluta stofnanir sveitarfélaga

Samband íslenskra sveitarfélaga telur skorta verulega á umfjöllun um þau áhrif sem frumvarpið getur haft gagnvart stofnunum sveitarfélaga. Ekki virðist hafa verið kannað nákvæmlega hversu stór hluti stofnana sveitarfélaga gæti fallið undir löggin, en B-hluta stofnanir sveitarfélaga eru á fjórða hundrað. Hér að neðan verður fjallað stuttlega um þær tegundir stofnana sem líkur standa til að gætu fallið undir gildissvið frumvarpsins miðað við þær forsendur sem fram koma í drögum að frumvarpi.

II.3.1. Veitustofnanir

Veitustofnanir sveitarfélaga eru á annað hundrað og geta verið kaldavatnsveitur, heitavatnsveitur og svo auk þess fráveitur. Öll veitustarfsemi sveitarfélaga hefur það að markmiði að standa undir kostnaði við veituna og af mörgum veitufyrirtækjum sveitarfélaga hefur einnig verið hagnaður. Veitustarfsemi sveitarfélaga er fjölbreytt, en stærstu veiturnar eru í hlutafélaga- eða einkahlutafélagaformi, aðrar eru reknar í byggðasamlagi milli sveitarfélaga og enn aðrar sem B-hluta stofnanir sveitarfélaga.

Hvað kaldavatnsveitur varðar gilda um þá starfsemi sveitarfélaga lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004. Í ákvæði 1. mgr. 1. gr. laganna kemur fram lagaskylda sveitarfélaga til starfrækslu vatnsveitna til þess að fullnægja vatnspörf almennings, heimila og atvinnufyrirtækja í þéttbýli. Þá er sveitarfélagi heimilt að starfrækja vatnsveitur í dreifbýli. Þá hefur sveitarfélag einkarétt á rekstri vatnsveitu og sölu vatns sem hún getur fullnægt innan staðarmarka sveitarfélags skv. 1. mgr. 4. gr. laganna. Vatnsveitur sveitarfélaga eru reknar með innheimtu vatnsgjalds skv. 6. gr. laganna og/eða með innheimtu notkunargjalds skv. 7. gr. Ekki verður séð annað en að vatnsveitur sveitarfélaga, aðrar en þær sem reknar eru í félagi með takmarkaðri ábyrgð eða byggðasamlagi muni falla undir fyrirhugaða löggjöf um slit ógjaldfærra opinberra aðila. Slíkt getur í framkvæmd valdið töluverðum vandkvæðum sem felast í þeirri lagaskyldu sem sveitarfélög hafa til reksturs vatnsveitu í þéttbýli. Eignir slíkra félaga felast fyrst og fremst í því veitukerfi sem til staðar er og mögulega öðrum tengdum mannvirkjum. Ef slíku félagi yrði slitið væri engum kaupanda heimilt að kaupa og starfrækja umrætt veitukerfi og því enginn vafi á því að sveitarfélagið þyrfti ávallt að hafa þá eign til ráðstöfunar. Ekki verður séð að tilgangur sé til staðar með slitum á slíkri starfsemi í samræmi við ákvæði frumvarpsins.

Hvað hitaveitur varðar þá gildir V. kafli orkulaga nr. 58/1967 um starfrækslu sveitarfélaga á hitaveitum. Ekki er um sambærilegan einkarétt að ræða og hvað varðar kalt vatn. Sveitarfélag þarf að óska eftir því að fá einkaleyfi á dreifingu eða sölu heits vatns eða gufu til almenningsþarfa á ákveðnu veitusvæði sbr. 30. gr. laganna. Heimilt er að framselja það einkaleyfi til einstaklinga eða félaga skv. 31. gr. laganna, þó þannig að slík hitaveita þarf að vera í meirihlutaeigu ríkis, sveitarfélaga og/eða fyrirtækja sem eru alfarið í eigu slíkra aðila. Þrátt fyrir að einhverjar heimildir séu til sölu eigna hitaveitu þá er markaðurinn fyrir sölu eigna hitaveitu verulega takmarkaður og þá eingöngu við opinbera aðila þar sem lagaskylda er fyrir meirihluta eign opinberra aðila. Vandséð er hvernig koma ætti stærstum hluta eigna hitaveitu í verð og raunin sú að sveitarfélagið þyrfti ávallt að taka til sín viðkomandi eignir. Tilgangur slitanna væri því takmarkaður eða enginn, umfram þær reglur sem almennt gilda um slíka aðila og slitameðferð eingöngu kostnaðarsöm leið að fjármögnun sveitarfélags á umræddri starfsemi.

Hvað fráveitur varðar þá gilda lög nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Í lögnum kemur fram að sveitarfélag beri ábyrgð á uppbyggingu fráveitna í sveitarfélaginu. Í þéttbýli er lagaskylda á sveitarfélaginu að koma á fót og starfrækja sameiginlega fráveitu sbr. 4. gr. laganna. Utan þéttbýlis ber sveitarfélaginu að sjá til þess að skólpi sé safnað við ákveðnar aðstæður eftir

umfangi fráveitu á viðkomandi landssvæði. Sveitarfélagið hefur einkarétt til reksturs fráveitu en hefur heimild, með svipuðum hætti og gildir um hitaveitur að fela stofnun eða félagi sem er í meirihlutaeigu sveitarfélaga skyldur og réttindi varðandi uppbyggingu, rekstur og eignarhald fráveitna. Í slitameðferð slíks félags væri verulegum vandkvæðum bundið að selja stærstan hluta eigna félagsins og sveitarfélagið hefði ekki aðra kosti en að halda áfram rekstri fráveitu með einum eða öðrum hætti. Slitameðferð hefur því takmarkaða eða enga kosti fyrir slík félög.

Samandregið eiga svipuð sjónarmið við um mismunandi gerðir veitustofnana sveitarfélaga. Sveitarfélög bera ákveðnar skyldur til reksturs slíkra innviða, sérstaklega í þéttbýli sem hefur þær afleiðingar að stærstur hluti eigna slíks aðila myndi vera óseljanlegur og sveitarfélag hefði enga aðra kosti heldur en að taka þær eignir til sín við slitameðferðina sem og aðrar eignir sem nauðsynlegar væru til þess að reka veitustarfsemi. Tilgangur slita yrði því takmarkaður enda þyrfti þá að greiða öllum kröfuhöfum upp sínar kröfur og fjármagna það úr sveitarsjóði eða með lántöku og halda síðan áfram sömu starfsemi í nýrri B-hluta stofnun eða félagi. Vandséð er að það leysi með einhverjum hætti vandamál sveitarfélaga vegna ógjaldfærra veitustofnana.

II.3.2. Félagslegar íbúðir

Sveitarfélög bera skyldu til þess eftir 45. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga til þess að tryggja framboð af leiguhúsnæði, félagslegu kaupleiguhúsnæði og/eða félagslegum eignaríbúðum handa þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki geta séð sér fyrir húsnæði vegna lágra launa, þungrar framfærslubyrðar eða annarra félagslegra ástæðna. Á grundvelli þeirrar lagaskyldu reka mörg sveitarfélög húsnæðisfélög utan um félagslegu íbúðirnar. Slík félög eru a.m.k. á sjötta tug í eigu sveitarfélaga. Þau sem ekki falla utan gildissviðs þar sem þau eru rekin í einkahlutafélagaformi munu því öll falla undir löggjöfina með tilheyrandi skyldum. Ef slíkt félag færi í slitameðferð hefði sveitarfélagið áfram sömu skyldur til þess að starfrækja sambærileg úrræði samkvæmt lögum um félagsþjónustu og þyrfti því að afla sér nýrra íbúða og/eða leysa til sín eignir þessara stofnana og halda áfram sömu starfsemi við sömu aðstæður. Tilgangur þess að heimila slitameðferð vegna slíkra verkefna er óljós, enda hefur sveitarfélag sjálft möguleika til þess að minnka umfang starfseminnar með sölu íbúða, eða með aukningu rekstrartekna stofnana einhliða með hækkun leigu þeirra íbúða sem stofnunin á.

II.3.3. Hafnir

Hjá sveitarfélögum eru reknar hafnir og hafnasjóðir sem B-hluta stofnanir sveitarfélaga. Eingöngu ein höfn er rekin í félagi með takmarkaðri ábyrgð, þ.e. Faxaflóahafnir. Aðrar hafnir sem eru í eigu sveitarfélaga eru reknar sem hefðbundnar B-hlutastofnanir eða byggðasamlög. Sveitarfélögum ber almennt engin skylda til þess að reka hafnir og er því um að ræða valkvæð verkefni sveitarfélaga. Ekkert kemur einnig í veg fyrir að eignir hafna séu seldar í grunninn þar sem heimilt er að starfrækja einkahafnir skv. hafnalögum sbr. VI. kafli laganna. Í langflestum tilvikum er þó um að ræða verulega mikilvæga samfélagslega innviði sem sveitarfélög telja til kjarnastarfsemi sinnar. Fjármögnun starfseminnar fer almennt fram með þjónustugjöldum og geta sveitarfélög tekið ákvarðanir um hækkun gjaldskráa ef rekstur stendur ekki undir gjöldum vegna reksturs. Hafa þau

Því nokkuð víðtækar heimildir til þess að bregðast við fjárhagsvandamálum hafnanna. Er því einnig vandséð hver tilgangurinn sé með því að hafnir eigi undir umrædda löggjöf.

II.3.4. Aðrar stofnanir

Sveitarfélög reka jafnframt alls kyns aðrar og fjölbreyttar stofnanir. Ekki hefur farið fram sérstök úttekt á hvernig fjármögnun þeirra stofnana er háttað. Í langflestum tilvikum er um að ræða valkvæða starfsemi sveitarfélaga, sem eru ekki stór hluti heildarstarfsemi sveitarfélaga, en sem dæmi má nefna rekstur menningarhúsa, ljósleiðaraverkefni sveitarfélaga, fjallskilasjóði, rekstur félagsheimila, bifreiðastæðasjóði, félög utan um almenningssamgöngur o.fl. starfsemi.

Sveitarfélög eiga almennt auðvelt með að hætta eða draga úr slíkri starfsemi sem er ekki hluti kjarnastarfsemi þeirra eða selja viðkomandi eignir til einkaaðila, s.s. þegar um er að ræða fasteignir undir ákveðna starfsemi og með því koma sveitarfélaginu undan þeim skuldbindingum sem felast í viðkomandi starfsemi.

II.4. Frumkvæðisskylda forstöðumanna skv. 2. gr.

Í 2. gr. frumvarpsins er gerð krafa gagnvart fyrirsvarsmanni ógjaldfærs opinbers aðila að leggja fram rökstutt erindi um það fyrir ráðuneyti eða sveitarstjórn um hvernig bregðast megi við ógjaldfærni. Sveitarstjórn getur síðan tekið ákvörðun um að beina því til forstöðumanns að krefjast slita samkvæmt ákvæðum laganna.

Ef halda á því til streitu að fella tilteknar B-hluta stofnanir sveitarfélaga undir löggjöfina telur sambandið að áður en gera skuli slíkar kröfur til forstöðumanna B-hluta stofnana sveitarfélaga þurfi að fara fram greining á því af hálfu fjármála- og efnahagsráðuneytisins á því hversu margar stofnanir um sé að ræða hjá sveitarfélögunum. Ef um töluverðan fjölda stofnana er að ræða getur þetta haft í för með sér verulega umsýslu fyrir einstök sveitarfélög sem ekki er til staðar í dag, með tilheyrandi álagi og stjórnsýslu viðkomandi stofnana og sveitarstjórna. Mikilvægt er jafnframt að velta því fyrir sér hvaða afleiðingar það geti haft fyrir forstöðumann B-hluta stofnunar sveitarfélags ef hann upplýsir ekki um ógjaldfærni stofnunarinnar til sveitarstjórnar, sem og hvaða áhrif það geti haft á réttarstöðu sveitarfélaga ef það bregst ekki við erindi forstöðumanns um ógjaldfærni. Kanna þarf nánar hvort slíkt athafnaleysi gæti valdið refsiviðurlögum gagnvart forstöðumanni.

II.5. Aðgangur B-hluta stofnana sveitarfélaga að fjármagni og vaxtakjörum

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur verulegar áhyggjur af því að fyrirhuguð löggjöf og sú staðreynd að óskilgreindur hluti stofnana sveitarfélaga gæti átt undir umrædda löggjöf gæti haft áhrif á aðgang þessara stofnana að fjármagni og vaxtakjörum á erlendum mörkuðum. Með lögunum er verið að koma á sérstakri slitameðferð fyrir opinbera aðila sem valda því að einstakir fjárfestar sem t.d. gætu séð sér hag sinn í að taka þátt í skuldabréfaútboði stofnunar sem fellur undir lögin, eða gæti fallið undir lögin, sleppi því að taka þátt í slíkum útboðum. Áður var til staðar einföld ábyrgð sveitarfélags á skuldbindingum slíkrar stofnunar, en nú þarf að fara í gegnum langt og flókið ferli í tengslum við þá ábyrgð, sem þarfnast aðkomu íslenskra lögfræðinga og þekkingar á íslenskri löggjöf. Jafnframt gæti

Þetta haft áhrif á vaxtakjör sömu aðila. Við áreiðanleikakannanir í skuldabréfaútboðum eða þegar óskað er eftir lánsfé erlendis frá að öðru leyti bæri B-hluta stofnunum sveitarfélaga, sem mögulega gætu fallið undir lögin að flagga þessari löggjöf svo kröfuhafinn/lánveitandinn geri sér grein fyrir mögulegum afleiðingum af ógjaldfærni viðkomandi aðila.

Í einhverjum tilvikum eru líkur til þess að lánveitendur gerðu kröfu um sjálfskuldarábyrgð gagnvart sveitarfélagi til þess að fá ásættanleg vaxtakjör. Óheimilt er hins vegar fyrir sveitarfélag að gangast í sjálfskuldarábyrgð vegna tryggingar til lána stofnana og fyrirtækja sbr. 3. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga. Er það öfugt við íslenska ríkið sem getur veitt ríkisábyrgð á lánveitingum í samræmi við lög um ríkisábyrgðir nr. 121/1997. Er af þeim sökum misjöfn staða hjá sveitarfélögum og íslenska ríkinu hvað þetta varðar.

Þessi aðstaða bendir jafnframt eindregið til þess að ekki eigi að fella stofnanir sveitarfélaga undir gildissvið frumvarpsins. Þá liggur ekki fyrir kostnaðarmat á þeim áhrifum sem minni aðgangur að lánsfé og verri vaxtakjör gætu haft á fjárhag sveitarfélaga. Sambandið telur slíkt nauðsynlegt og lagaskyldu til staðar að útbúa slíkt mat á grundvelli 129. gr. sveitarstjórnarlaga.

III. Niðurlag

Samband íslenskra sveitarfélaga lýsir yfir verulegri óánægju með fyrirhugað frumvarp um slit ógjaldfærra opinberra aðila. Almennt hefur verið gott og þétt samstarf milli sambandsins og einstakra ráðuneyta um löggjöf sem hafa áhrif á hagsmunum sveitarfélaga en svo var því miður ekki í þessu tilfalli.

Ítrekuð er sú ósk Sambands íslenskra sveitarfélaga að undanþiggja sveitarfélög undan löggjöf þessari, enda virðist sem svo að sveitarfélög hafi næg verkfæri á sínum höndum til þess að bregðast við ógjaldfærni B-hluta stofnana sveitarfélaga.

Fari svo að ekki verði fallist á ósk sambandsins um að undanþiggja stofnanir sveitarfélaga frumvarpi þessu er nauðsynlegt að náið samráð verði viðhaft við sambandið áður en kemur að þinglegri meðferð frumvarpsins. Lýsir sambandið sig tilbúið til slíks samráðs, meðal annars um þau atriði sem fram koma hér að ofan í umsögninni.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Valgerður Rún Ben.

Valgerður Rún Benediktsdóttir
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs